



Fundargerðir

Fundargerðir

[Til baka](#)

[Prenta](#)

Bæjarstjórn Hornafjarðar - 316

Haldinn í ráðhúsi,
14.12.2023 og hófst hann kl. 15:00

Fundinn sátu: Gauti Árnason aðalmaður,
Hjördís Edda Olgeirsdóttir aðalmaður,
Tinna Rut Sigurðardóttir 2. varamaður,
Eyrún Fríða Árnadóttir aðalmaður,
Guðrún Stefanía Vopnfjörð Ingólfisdóttir aðalmaður,
Ásgerður Kristín Gylfadóttir aðalmaður,
Gunnar Ásgeirsson 1. varamaður,
Bryndís Bjarnarson stjórnarsýslu- og upplýsingafulltrúi, Sigurjón Andrésson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Bryndís Bjarnarson, stjórnarsýslu- og upplýsingafulltrúi

Dagskrá:

Fundargerð

1. 2311008F - Bæjarráð Hornafjarðar - 1106

Guðrún Stefanía Vopnfjörð Ingólfsdóttir tók til máls undir 1. lið, fundargerð almannavarnarnefndar 2. lið, Heildarendurskoðun á almannavarnarkerfinu á Íslandi. Til andsvars Sigurjón Andrésson bæjarstjóri.

Tinna Rut Sigurðardóttir tók til máls undir 2. lið, velferðarnefnd 6. lið, notendaráð fatlaðs fólks.

Ásgerður Kristín Gylfadóttir tók til máls undir 1. lið, fundargerð almannavarnarnefndar, Heildarendurskoðun á almannavarnarkerfinu á Íslandi og undir 2. lið, velferðarnefnd 6. lið, notendaráð fatlaðs fólks.

Forseti bar fundargerðina upp til atkvæða.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

2. 2311013F - Bæjarráð Hornafjarðar - 1107

Guðrún Stefanía Vopnfjörð Ingólfsdóttir tók til máls undir 3. lið, ungmennahing.

Ásgerður Kristín Gylfadóttir tók til máls undir 3. lið, ungmennahing og 7. lið yfirtaka og uppbygging eigna félagslegt leiguhúsnæði. Til andsvars Sigurjón Andrésson.

Forseti bar fundargerðina upp til atkvæða.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

3. 2311021F - Bæjarráð Hornafjarðar - 1108

Tinna Rut Sigurðardóttir tók til máls undir 7. lið áhyggjur af fjölgun ferðamanna - Álag á innviðum.

Gunnar Ásgeirsson tók til máls undir 1. lið, fundargerð menningarmálanefndar 3. lið, menningarverðlaun Suðurlands. Til andsvars Sigurjón Andrésson.

Forseti bar fundargerðina upp til atkvæða.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

4. 2311024F - Bæjarráð Hornafjarðar - 1109

Hjördís Edda Olgeirsdóttir tók til máls undir 10. lið, ábending - Bráðvantar gangbraut yfi

Hafnarbrautina hjá tjaldsvæðinu. Til andsvars Sigurjón Andrésson.

Tinna Rut Sigurðardóttir tók til máls undir 4. lið, Uppbygging innviða á Jökulsárlóni og 10. lið, ábending- Bráðvantar gangbraut yfir Hafnarbrautina hjá tjaldsvæðinu

Ásgerður Kristín Gylfadóttir tók til máls undir 1. lið, fundargerð hafnarstjórnar, 4. lið, Uppbygging

innviða á Jökulsárlóni og 10. lið, ábending- Bráðvantar gangbraut yfir Hafnarbrautina hjá

tjaldsvæðinu.

Til andsvars Sigurjón Andrésson. Til andsvars Tinna Rut Sigurðardóttir.

Til andsvars Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Til andsvars Tinna Rut Sigurðardóttir.

Guðrún Stefanía Vopnfjörð Ingólfsdóttir tók til máls undir 8. lið, frístundastyrkir 2023.

Guðrún Stefanía Vopnfjörð Ingólfsdóttir tók við stjórn fundarins.

Gauti Árnason tók til máls undir 10. lið, til umsagnar 84.mál um millilandaflug um

Hornafjarðarflugvöll og bar upp eftirfarandi bókun og óskaði eftir að bæjarstjórn gerði hana að sinni.

"Bæjarstjórn Hornafjarðar skorar á Isavia og stjórnvöld að ráðast strax í endurbætur á öryggis og

eftirlitsþáttum á Hornafjarðarflugvelli þannig að hægt verði að taka á móti minni farþegaflugvélum í

millilandaflugi og vélum í ferjuflugi

þannig má styrkja enn frekar atvinnulíf í Hornafirði og nágrenni og stuðla að frekari uppbyggingu og

vexti í nágrenni Vatnajökulsþjóðgarðs ásamt því að draga úr umferðarþunga um þjóðveg eitt til

Hornafjarðar.

Hornafjarðarflugvöllur gegnir stöðugt mikilvægara hlutverki í samgöngukerfi landsins, ekki síst þegar

kemur að flugvellinum hvað varðar öryggismál.

Skoða þarf áframhaldandi rekstur og uppbyggingu á svæðinu til hagsbóta fyrir heimafólk, atvinnulíf í

nærumhverfi vallarins og þjóðfélagið allt."

Forseti bar bókunina upp til atkvæða.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

Gauti Árnason tók aftur við stjórn fundarins.

5. 2312007F - Bæjarráð Hornafjarðar - 1110

Eyrún Fríða Árnadóttir tók til máls undir 2. lið, sormál 2023.
Forseti bar fundargerðina upp til atkvæða.
Samþykkt með sjö atkvæðum.

6. 2311003F - Bæjarstjórn Hornafjarðar - 315

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Almenn mál

7. 202311108 - Álagningarreglur 2024

Tillaga að álagningarreglum fyrir árið 2024.

Útsvar 14,74%

Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði 0,37% af fasteignamati (óbreytt)

Fasteignaskattur á opinb. húsnæði 1,32% (óbreytt)

Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði 1,65% af fasteignamati (óbreytt)

Lóðarleiga 1% af lóðamati

Holræsagjald samkvæmt gjaldskrá (óbreytt)

Vatnsgjald samkvæmt gjaldskrá (óbreytt)

Sorpgjöld hækka skv. gjaldskrá um 15% að jafnaði enda ber sveitarfélaginu skylda til að láta málaflökkinn standa undir sér og er þetta viðleitni í þá átt. Hækkunin nemur 1,04%-28,5% eða 15% að meðaltali á heimili. Sorpgjöld á fyrirtæki verða nánar útfærð í gjaldskrá sormála áður en álagning fer fram.

Forseti bar álagningarreglurnar upp til atkvæða.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

8. 202308073 - Fjárhagsáætlun 2024

Bæjarstjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun ársins 2024 og þriggja ára áætlun 2025-2027. Helstu niðurstöður áætlunarinnar fyrir árið 2024 í A og B hluta eru eftirfarandi:
Ráðgert er að rekstrartekjur A hluta árið 2024 verði 3.816.396 þús. en þær eru áætlaðar 3.469.204 þús. í nýrri afkomuspá fyrir yfirstandandi ár og voru 3.196.591 þús. kr. árið 2022. Hækkunin frá því 2022 nemur því 619.805 milljónum eða um 19% og munar um minna. Rekstrargjöld A hluta á næsta ári eru áætluð 3.167.821 þús. en eru áætluð 2.982.721 þús. í útkomuspá þessa árs. Hækkunin milli ára nemur 185.100 þús. eða 6,2%. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld A hluta á komandi ári eru áætluð: 78.137 þús. og afskriftir 175.279 þús. Rekstrarniðurstaða verði því jákvæð sem nemur 395.158 þús. Sé litið til samstæðunnar, það er A og B hluta, má sjá að ráðgert er að rekstrartekjur verði 4.200.057 þús. en þær voru áætlaðar 3.770.771 þús. á yfirstandandi ári. Tekjur samstæðu hækka því frá fyrri áætlun um 429.286 þús. eða 11,4%. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru áætlaðar 147.547 og afskriftir 271.182 þús. Þannig verði rekstrarniðurstaða jákvæð sem nemur 446.831 þús. Gangi þessi áætlun eftir ráðgerum við að veltufé samstæðu frá rekstri verði 868.881 þús. og að fjárfesting nemi 1.344.325 þús. kr. Þá er fyrirhugað að greiða langtímalán niður fyrir 116.969 þús. en samhliða verði tekin ný lán að upphæð 460 milljónir króna.

Eyrún Fríða Árnadóttir tók til máls. Gunnar Ásgeirsson tók einnig til máls.
Til andsvars Sigurjón Andrésón. Til andsvars Gunnar Ásgeirsson.
Til andsvars Hjördís Edda Olgeirsdóttir. Aftur til andsvars Sigurjón Andrésón.
Aftur til andsvars Gunnar Ásgeirsson. Aftur til andsvars Hjördís Edda Olgeirsdóttir. Til andsvars Eyrún Fríða Árnadóttir.
Forseti bar fjárhagsáætlun 2024 upp til atkvæða.
Samþykkt með fimm atkvæðum, Ásgerður Kristín Gylfadóttir og Gunnar Ásgeirsson sitja hjá.

[Framkvæmdaóskir stofnana 2024.pdf](#)

[Framkvæmdaáætlun 2024-2027.pdf](#)

[Kennitölur.pdf](#)

[Samantekt_2024.pdf](#)

[Yfirlit_Sveitarstjóður - A hluti.pdf](#)

[Yfirlit_Samantekið - A og B hluti.pdf](#)

9. 202312045 - Fjárhagsáætlun 2025-2027

Bæjarstjóri lagði til að bæjarstjórn samþykki fyrirbyggjandi þriggja ára fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2025-2027.

Ásgerður Kristín Gylfadóttir tók til máls til andsvars Sigurjón Andrésón.
Forseti bar þriggja ára áætlun upp til atkvæða.
Samþykkt með fimm atkvæðum, Ásgerður Kristín Gylfadóttir og Gunnar Ásgeirsson sitja hjá.

10. 202309074 - Fjárhagsáætlun Hornafjarðarhafna 2024

Forseti bar fjárhagsáætlun Hornafjarðarhafna 2024 til atkvæða.
Samþykkt með sjö atkvæðum.

11. 202311012 - Gjaldskrár 2024

Gjaldskrá velferðarsviðs lögð fram til afgreiðslu.
Þær breytingar sem gerðar voru á gjaldskránni eru að matur fylgi innkaupsverði.
Kaffi í dagþjónustu aldraðra mun kosta 200 kr. og kaka 500 kr. Félagsleg heimaþjónusta hækkar í 2.245 kr.

Forseti bar gjaldskrá velferðarsviðs upp til samþykktar.
Samþykkt með sjö atkvæðum.

12. 202110086 - Gjaldskrá byggingarmála

Lagt er til að gatnagerðargjöld miðist við kostnaðaráætlun á ÍB5 svæði austan við Hafnarbrautina sem er í skipulagsferli, einbýlishús 7%, önnur íbúðarhús, rað par,tvíbýli og keðjuhús 6,5%, verslunar-, skrifstofu og þjónustu-, iðnaðar-, og geymsluhúsnæði og fl. 6,2%, hesthús og fl. í 5%.
Að öðru leiti tekur gjaldskráin breytingum í samræmi við vísitölubreytingar sbr. 9. gr. gjaldskrárinnar. Lagði til að bæjarstjórn samþykki gjaldskrána.

Forseti bar gjaldskrá byggingamála upp til atkvæða.
Samþykkt með sjö atkvæðum

13. 202309076 - Gjaldskrá Hornafjarðarhafnar

Forseti greindi frá að gjaldskráin verði efnislega óbreytt en að gjöld hennar taki breytingum í samræmi við vísitölubreytingar.

Forseti bar gjaldskrá Hornafjarðarhafna upp til atkvæða.
Samþykkt með sjö atkvæðum.

14. 202207008 - Notendaráð um málefni fatlaðs fólks

Erindisbréf fyrir notendaráð lagt fram.
Notendaráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar um málefni fatlaðs fólks heyrir undir velferðarnefnd.
Hlutverk notendaráðs um málefni fatlaðs fólks er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við sveitarstjórn um hagsmuni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk, framkvæmd hennar og þróun.

Forseti bar erindisbréf fyrir notendaráð um málefni fatlaðs fólks upp til atkvæða.
Samþykkt með sjö atkvæðum.

15. 202311163 - Ráðning sviðsstjóra stjórnsýslusviðs

Bæjarstjóri greindi frá ráðningu Jónu Bennýjar Kristjánsdóttur í starf sviðsstjóra stjórnsýslusviðs. Ráðningin var samþykkt í bæjarráði.
Hann óskaði eftir staðfestingu bæjarstjórnar þar sem um lykilstjórnanda er að ræða.

Hjördís Edda Olgeirsdóttir tók til máls.
Forseti bar ráðningu sviðsstjóra stjórnsýslusviðs upp til atkvæða.
Samþykkt með sjö atkvæðum.

16. 201910048 - Sala á eignum sveitarfélagsins

Húseign sveitarfélagsins Bjarnahóll var auglýstur til sölu og bærust tvö tilboð og að mati bæjarráðs var mælt með tilboði frá Seljavöllum ehf. að upphæð 75.000.000 m. kr.
Einnig var forkaupsréttur að Sandbakkavegi 6 íbúð 203 nýttur og fól bæjarráð starfsmönnum að láta verðmeta og ganga frá sölu á eigninni sem var seld á 39.000.000 m. kr.

Forseti lagði til að bæjarstjórn samþykki sölu á Bjarnahóli 2 og sölu á Sandbakkavegi 6 íbúð 203.
Samþykkt með sjö atkvæðum.

17. 202310064 - Rauðaberg 2 Lóð 1 - Breyting á aðalskipulagi

Lögð fram skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir Rauðaberg 2 Lóð 1 þar sem fyrirhugað er að byggja upp gisti- og þjónustustarfsemi.

Forseti lagði til að bæjarstjórn samþykki að skipulagslýsingar fyrir Rauðaberg 2 verði kynntar skv. 30.gr. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Samþykkt með sjö atkvæðum.

[Rauðaberg 2 Lóð 1 skipulagslýsing.pdf](#)

18. 202310042 - Heppuvegur 6 - breyting á aðalskipulagi

*Guðrún Stefanía Vopnfjörð Ingólfssdóttir vék af fundi undir þessum lið.
Eigendur Hepputorgs ehf. óska eftir að gerð verði óveruleg breyting á gildandi aðalskipulagi fyrir Heppuveg 6 þar sem bætt verði við að heimiluð verði gisting fyrir ferðamenn í allt að 12% af húsinu.*

Forseti lagði til að bæjarstjórn samþykki að gerð verði óveruleg breyting á aðalskipulagi eins og óskað er eftir skv. 36. gr. skipulagslaga.
Samþykkt með sjö atkvæðum.

[Heppuvegur uppdráttur.pdf](#)

19. 202309100 - Skaftafell III og IV - Fyrirspurn til skipulagsstjóra

*Guðrún Stefanía Vopnfjörð tók við stjórn fundarins.
Lögð fram skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 þar sem óskað hefur verið eftir aukningu á umfangi þjónustu á verslunar- og þjónustuvæði VP44 við Skaftafell III og IV auk nýs deiliskipulags.*

Forseti lagði til að bæjarstjórn samþykki að skipulagslýsing verði kynnt skv. 30. gr og 40. gr. skipulagslaga.
Samþykkt með sjö atkvæðum.

[Skaftafell III og IV skipulagslýsing.pdf](#)

20. 202205085 - Breyting á aðalskipulagi - Leiðarhöfði

*Aðalskipulagsbreyting fyrir Leiðarhöfða var auglýst frá 25. september með athugasemdafresti til 6. nóvember 2023.
Umsagnir bárust frá Náttúrustofu Suðausturlands, Umhverfisstofnun og Minjastofnun Íslands.*

Forseti lagði til að bæjarstjórn samþykkir breytingu á aðalskipulagi fyrir Leiðarhöfða skv. 32. gr. skipulagslaga.
Samþykkt með sjö atkvæðum.

[_Leiðarhöfði uppdráttur og greinargerð.pdf](#)

[Umsögn 3 - Minjastofnun Íslands.pdf](#)

[Umsögn UST_Leiðarhöfði\[1\].pdf](#)

21. 202311123 - Flatatún í Öræfum - Deiliskipulag

Deiliskipulag Hjáleigu í Öræfum hefur tekið breytingum þar sem fornminjar voru innan þeirrar lóðar og hún því illa nýtanleg. Ákveðið hefur verið að endurauglýsa deiliskipulagið eftir athugasemdarferli og bæta við lóðum á landi Flatatúns spildu sem liggur neðan við Hjáleigu. Markmið með gerð deiliskipulagsins er að skipta landinu upp í 12 lóðir og setja skilmála fyrir uppbyggingu m.a. að afmarka byggingarreit.

Forseti lagði til að bæjarstjórn samþykki deiliskipulagstillöguna og að hún verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.
Samþykkt með sjö atkvæðum.

[23-11-30_Hvappavellir-deilisk lóðir og greinargerð.pdf](#)

22. 202311137 - Kyljuholt á Mýrum - Breyting á deiliskipulagi

Deiliskipulag Kyljuholts á Mýrum tók gildi 18. október 2023. Við nánari hönnun á fyrirhuguðum framkvæmdum varð ljóst að samþykkt skipulag hentaði ekki og þarf að hnika til byggingarreitum og lóðamörkum.

Tillagan felur í sér óverulegar breytingar á notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi svæðisins.

Forseti lagði til að bæjarstjórn samþykki óverulega breytingu deiliskipulagi fyrir Kyljuholt þar sem hún hefur í engu áhrif á hagsmuni í grennd og samþykki jafnframt að fallið verði frá grenndarkynningu skv. 44. gr. skipulagslaga.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

[Kyljuholt uppdráttur.pdf](#)

23. 202311102 - Reynivellir hótél - óveruleg frávik frá deiliskipulagi

Erindi dagsett 15. nóvember 2023 þar sem teikningar og skráningartafla fyrir hótél á Reynivöllum er lagt fram. Hönnun þess er í óverulegu ósamræmi við deiliskipulag hvað varðar byggingamagn og því er það lagt fram sem frávik frá deiliskipulagi.

Forseti lagði til að bæjarstjórn samþykki að vikið sé frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga varðandi byggingarmagn þar sem um svo óveruleg frávik frá deiliskipulagi er að ræða að hagsmunir nágranna skerðast í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn sbr. 3. mgr. 43. gr. sömu laga. Samþykkt með sjö atkvæðum.

[2119-Hótél Jökulsárlón.pdf](#)

24. 202307033 - Byggingarleyfisumsókn - Hagi 3, einbýlishús

Umsókn um byggingarleyfi fyrir einbýlishús með innbyggðri bílageymslu á u.þ.b. 1,5 ha. landareign Haga 3 (L231921). Ekki er til gildandi deiliskipulag fyrir svæðið, samkvæmt aðalskipulagi er lóðin á landbúnaðarsvæði.

Erindið var grenndarkynnt 10. október til 7. nóvember 2023.

Engin athugasemd barst.

Forseti lagði til að bæjarstjórn samþykki að gefið verði út byggingarleyfi á grunni grenndarkynntra gagna skv. 44. gr. skipulagslaga.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

[Hagi 3, Aðaluppdrættir.pdf](#)

25. 202309063 - Byggingarleyfisumsókn - Hagatún 16, parhús

Umsókn um að byggja einnar hæðar parhús á lóð Hagatúns 16 samkvæmt framlögðum teikningum. Erindið var grenndarkynnt frá 10. október til 7. nóvember 2023. Athugasemd með sjö undirskriftum barst. Gerðar voru breytingar til þess að koma á mótis við athugasemdir.

Forseti lagði til að gefið verði út byggingarleyfi á grunni nýrrar tillögu í samræmi við 44. gr. skipulagslaga.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

[A2 rammi afstöðumynd-21-11-23-000.pdf](#)

[A2 rammi grunnmynd 21-11-23-Grunnmynd-000.pdf](#)

[Athugasemdir.pdf](#)

26. 202311166 - Umsókn um byggingarheimild - Lækjarnes, endurbygging, þegar byggt hús

Gauti Árnason tók við fundarstjórn.

Umsókn um byggingarheimild fyrir þegar byggt hús að Lækjarnesi, samkvæmt framlögðum reyndarteikningum. Um er að ræða frístundarhús sem byggt var á gömlum rústum. Ekki er til gildandi deiliskipulag fyrir svæði, en skv. aðalskipulagi er húsið á landbúnaðarsvæði.

Húsið er líklega búið að standa síðan árið 2009. Sveitarfélagið veit ekki til þess að neinar athugasemdir hafi borist.

Forseti lagði til að bæjarstjórn heimili að veita megi byggingarleyfi án deiliskipulagsgerðar.

Framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar, sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

[101 Lækjarnes.pdf](#)

[102 Lækjarnes.pdf](#)

27. 202306033 - Umsókn um byggingarheimild - Stafafell Áfangaklettur, gestahús, þegar byggt

Helga Davids, f.h. eigenda Stafafells Áfangakletts, óskar eftir byggingarheimild fyrir þegar byggt hús.

Um er að ræða u.þ.b. 19 fm. gestahús sem var sett niður árið 2019. Húsið var byggt af Iglucraft ehf. í Eistlandi og flutt inn í heilu lagi, fullbúið. Ekki er til gildandi deiliskipulag, en skv. aðalskipulagi er lóðin á verslunar- og þjónustusvæði/landbúnaðarsvæði.

Forseti lagði til að bæjarstjórn að heimili að veita megi leyfi án deiliskipulagsgerðar þegar afstaða Minjastofnunar liggur fyrir. Framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar, sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

[Stafafell - Áfangaklettur mh.16 Smáhýsi 25.05.2023.pdf](#)

28. 202311121 - Landeignaskrá - Skeiðarárjökull Suður, þjóðlenda

Beiðni frá forsætisráðuneytinu um stofnun þjóðlendu. Um er að ræða 26,7 km² svæði Skeiðarárjökull, suður, skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 9/2003 og dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 47/2007

Forseti lagði til að bæjarstjórn samþykki að stofnuð verði þjóðlenda skv. beiðni forsætisráðuneytisins, sbr. 48. gr. skipulagslaga.

Samþykkt með sex atkvæðum Tinna Sigurðardóttir sat hjá.

[Scan nív. 20, 2023.pdf](#)

[SV03-JV9B-til-yfirlestrar-04.pdf](#)

29. 202310034 - Landeignaskrá - Tjörn, stofnun íbúðarhúsalóðar

Agnar Ólafsson og Halldór Ólafsson óska f.h. dánarbús Ólafs Halldórssonar, eftir stofnun

íbúðarhúsalóðar Tjörn 3 úr jörðinni Tjörn. Um er að ræða 8.573 fm. landeign. Ekki er til gildandi deiliskipulag, samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins er lóðin á landbúnaðarsvæði.

Forseti lagði til að bæjarstjórn samþykki stofnun lóðarinnar þar sem hún hefur ekki áhrif á búrekstrarskilyrði jarðarinnar, sbr. 6. gr. jarðalaga, sbr. einnig 48. gr. skipulagslaga.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

[101 Tjörn 3 - Lóðarblað.pdf](#)

30. 202302065 - Landeignaskrá - Breiðabólstaðir, ný lóð

Óskað er eftir að gerð verði breyting á deiliskipulagi Breiðabólstaðar og lóð skilgreind undir fjarskiptamastur þar sem nú er sameignarland.

Forseti lagði til að bæjarstjórn samþykki að lóðinni verði skipt út og að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi þar sem stofnun lóðarinnar hefur ekki áhrif á búrekstrarskilyrði jarðarinnar, sbr. 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

[Breiðabólstaður 1 lóð.pdf](#)

31. 202308066 - Landeignaskrá - Stafafellsfjöll 37 - breyting á lóðamörkum

Breytt lóðamörk Stafafellsfjalla 37 voru grenndarkynnt frá 30. október með athugasemdarfresti til 27. nóvember 2023.

Engar athugasemdir bárust.

Forseti lagði til að bæjarstjórn samþykki að lóðamörkum verði breytt skv. 44. gr. skipulagslaga. Samþykkt með sjö atkvæðum.

[101A Stafafellsfjöll 37 - lóðarblað.pdf](#)

32. 202311070 - Landeignaskrá: Kyljuholt - stofnun nýrra lóða

Jón Kristinn Jónsson og Sigurlaug Gissurardóttir óska eftir stofnun fjögurra lóða úr jörð Kyljuholts. Um er að ræða lóðir Kyljuholt 1, Kyljuholt 2, Kyljuholt 3 og Kyljuholt 5 í samræmi við deiliskipulag.

Forseti lagði til að bæjarstjórn samþykki stofnun landeigna, enda samræmast þær gildandi deiliskipulagi. Þar sem stofnun lóðanna hefur ekki áhrif á búrekstrarskilyrði jarðarinnar, sbr. 6. gr. jarðalaga, sbr. einnig 48.gr. skipulagslaga. Samþykkt með sjö atkvæðum.

[Kyljuholt 1 - Umsókn.pdf](#)

[Kyljuholt 3 - Umsókn.pdf](#)

[Kyljuholt 2 - Umsókn.pdf](#)

[Kyljuholt 5 - Umsókn.pdf](#)

33. 202310157 - Lenging vegslóða í Þröng - Framkvæmdarleyfi

Tinna Rut Sigurðardóttir og Guðrún Stefanía véku undir þessu máli.

Erindi dagsett 24. október 2023 þar sem Glacier Adventure sækir um f.h. 12 fyrirtækja, framkvæmdarleyfi til að lengja vegslóða inn í Þröng sem nemur rúmum 966 m. Leiðin mun að mestu leyti liggja eftir núverandi gönguslóða. Einnig er óskað eftir að núverandi vegslóði verði uppfærður í opinberum gögnum og aflagður vegslóði verði aflagður. Umsóknin er unnin í samráði við starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs.

Forseti lagði til að bæjarstjórn samþykki að veita framkvæmdaleyfi fyrir lengingu vegslóða í samræmi við framlögð gögn með fyrirvara um umsagnir Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar verði jákvæðar. Sveitarfélagið heldur engar vegaskrár, ábendingu um aflagðan veg er vísað til endurskoðunar aðalskipulags.

Samþykkt með fimm atkvæðum.

[Þröng umsókn um lengingu veg.pdf](#)

[20231019_Þröng lenging.pdf](#)

34. 202311075 - Beiðni um tilnefningar í svæðisráð suðursvæðis í Vatnajökulspjódgarði

*Guðrún Stefanía Vopnfjörð Ingólfssdóttir vék af fundi undir þessum lið.
Bæjarráð tilnefnir Sigurjón Andrésson, Eyrúnu Fríðu Árnadóttur og Friðrik Jónas Friðriksson sem aðalmenn í svæðisráð suðursvæðis í Vatnajökulspjódgarði. Varafulltrúar verða Lars Jóhann Andrésson Imsland, Gauti Árnason og Íris Ragnarsdóttir Pedersen.*

Forseti bar tillöguna upp til atkvæða.
Samþykkt með sex atkvæðum.

[Óskað eftir tilnefningum í svæðisráð VJP_Sveitarfélagið Hornafjörður.pdf](#)

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30

[Til baka](#)

[Prenta](#)